

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
3350-003-FUN-116-V01	116. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
23.01.2020 / 10:00	START hópurinn	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
116	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skortkostnaður stórnotenda. 2. Kostnaðarskipting START hópsins 3. Önnur mál <ol style="list-style-type: none"> a) Upplýsingar úr START grunni til Þjóðaröryggisráð, vegna endurskoðunar á áhættumati fyrir raforkukerfið 	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
IJB / 23.01.2020	IJB	EFLA
FUNDARMENN		FYRIRTÆKI
Ragnar Stefánsson (RS)		Landsnet
Benedikt Einarsson (BE)		Veitur
Egill Sigmundsson (ES)		HS-Veitur
Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)	Fjarfundur	Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason (KRA)		RARIK
Ragnar Emilsson (RE)	Fjarfundur	Orkubú Vestfjarða
Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)		EFLA
Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)		EFLA
Jónas Hlynur Hallrímsson (JHH)		EFLA
FJARVERANDI		FYRIRTÆKI
Rán Jónsdóttir (RJ)		Orkustofnun
Jón Skafti Gestsson (JSG)		Landsnet
DREIFING		FYRIRTÆKI
START hópurinn		
FUNDARSKJÖL		NÆSTI FUNDUR
Kostnaðarskipting_tillaga_20200115.xlsx		23.01.2020 / 10:00
DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR		ÁBYRGÐ / ÁKVÖRÐUN

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá Landsneti, Gylfaflöt 9.

1. Skortkostnaður stórnotenda

JHH fór yfir vinnu vegna kostnaðar vegna skorts. Verkefnið er í góðum farvegi. Það er búið fundu með Samtökum iðnaðarins, Samál, Samtökum gagnavera og Norðurál. Næstu skref eru að þýða spurningarkönnun frá Noregi og afla upplýsinga frá fyrirtækjunum, þar sem fyrirhugað er að fundu með öllum stórnotendum.

IJB spurði um trúnað. Allar upplýsingar frá fyrirtækjum fara til starfsmanns START hópsins sem sér að vinna úr þeim og leggur þau fyrir START hópinn. Einstaka upplýsingar fara ekki til veitufyrirtækjanna.

JHH fór yfir spurningarkönnun meðal heimila. Byggt verður á spurningarkönnun frá Noregi. Gert er ráð fyrir að svarendur svari í tölvu. Sýndar voru spurningar frá norsku könnunni. Umræður um spurningar, m.a. miðað við annan tíma um mat á kostnaði og óþægindum en í norsku könnunni. Næstu skrefin er þýðingarvinna og ganga frá samningi vegna spurningarkönnunnar. Fyrirhugað er að fá hrá gögn, án persónulega greinanlegra gagna, og verður úrvinnsla gagna hjá starfsmanni START hópsins.

KR benti á að greina svör eftir landshluta og hvort rafhitun er á svæðinu.

KRÁ nefndi að spyrja um rafbíla.

RS spurði um þátt Orkustofnunar. Rán og Silja hafa verið á tveimur fundum í kostnaðarhópi START hópsins, en í honum eru einnig Ingvar Þór Þorsteinsson frá Veitum, JHH, JSG, KRÁ. Guðmundur Bergþórsson hjá OS var um tíma í hópnum en hefur dregið sig út úr hópnum þar sem hann býr nú erlendis og Silja og Rán komið í hans stað.

2. Kostnaðarskipting START hópsins

IB fór yfir tillögu að nýrri kostnaðarskiptingu START hópsins í kjölfar þess að RARIK yfirtekur dreifikerfi Rafveitu Reyðarfjarðar á þessu ári.

Hópurinn hafði fengið tvær útfærslur að nýrri kostnaðarskiptingu í tölvupósti 15. janúar. Hópurinn samþykkti á fundinum að kostnaður Rafveitu Reyðarfjarðar, sem var 6%, myndi dreifast jafnt á Landsnet, RARIK og Veitur sem eru í efsta kostnaðarflokk. Hlutfall þessara fyrirtækja fer því úr 21% í 23%.

Ný kostnaðarskipting, fyrir árið 2020:

Landsnet	23%
RARIK	23%
Veitur	23%
HS-Veitur	15%
Orkubú Vestfjarða	10%
Norðurorka	6%

3. Önnur mál

- a) Upplýsingar úr START grunni til Þjóðaröryggisráð, vegna endurskoðunar á áhættumati fyrir raforkukerfið.

Þjóðaröryggisráð óskaði eftir START skýrslum fyrir 6 tímabil sem óveður hafa geisað, tímabilin voru: 2.-3. febrúar 1991, 23.-25. nóvember, 18. janúar 1995, 16. janúar 1999, 12. september 2012 og 29. september 2012.

IB fór yfir niðurstöður samantektar. Það eru Landsnet, RARIK og Orkubú Vestfjarða sem verða fyrir truflunum og er skerðing einna mest í kerfi Landsnets.

- b) KR spurði um stöðu skráninga. Er hún almennt í góðum farvegi. Í einhverjum tilvikum er varaafli sem fyrirtækin fengu aðstoð með frá öðrum aðilum ekki skráð.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 27. febrúar hjá RARIK.

Ingvar J. Baldursson

Sýnt og dreift til fundarmanna:

- Tillögur að nýrri kostnaðarskiptingu START hópsins.
- Glærukyningar